

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna



Handbók

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hvað gerir umboðsmaður barna?	3
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna - Hvað er það?	4
Tilgangur og markmið ráðgjafarhóps umboðsmanns barna	4
Hlutverk fulltrúa ráðgjafahóps	5
Fulltrúar	5
Verkefni ráðgjafarhópsins	6
Fundartími	6
Fundarplan	6
Fundarstjóri og fundarboð	6
Ritari og fundargerð	7
Hvað á að koma fram í fundargerð?	8
Fundarskipulag	8
Fundarboð og forföll á fundi	9
Vinnuaðferðir	9
Fjárráð ráðgjafarhópsins	10
Greinargerð ráðgjafarhópsins	10
Skilafundur ráðgjafarhópsins í lok starfsárs	11
Meðmæli frá umboðsmanni barna	11
Viltu vera með í ráðgjafarhópnum?	11

Inngangur

Umboðsmaður barna hefur alltaf lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um rétt barna til þess að tjá sig og skylduna til þess að taka tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Börn eru sjálf sérfræðingar í því að vera börn og skiptir því miklu máli að þau fái tækifæri til þess að hafa áhrif á eigið líf sem og samfélagið í heild. Þátttaka barna eflir ekki einungis þroska þeirra sjálfra, heldur er það ennfremur mikilvægt fyrir samfélagið í heild að nýta þá einstöku sýn, reynslu og þekkingu sem börn búa yfir. Það ætti í raun aldrei að taka mikilvægar ákvarðanir sem varða börn án þess að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra sjálfra og tillit sé tekið til þeirra.

Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að vera opinber talsmaður fyrir öll börn á Íslandi, en til þess að geta sinnt því hlutverki þarf hann að vera í góðu sambandi við börn og hlusta á reynslu þeirra og skoðanir. Leggur umboðsmaður barna sig því fram við að hitta börn og ungmenni reglulega og ræða við þau um ýmis málefni sem skipta þau máli. Í þessum tilgangi ákvað umboðsmaður barna að stofna sérstakan ráðgjafarhóp, en þar eiga sæti fulltrúar barna á aldrinum 13 til 18 ára. Er óhætt að segja að ráðgjafarhópurinn sé einn mikilvægasti þátturinn í starfi umboðsmanns barna.

Ég vil því þakka ráðgjöfunum sérstaklega fyrir ómetanlegt starf í þágu embættisins.



Margrét María Sigurðardóttir
Umboðsmaður barna á Íslandi

Hvað gerir umboðsmaður barna?

Umboðsmaður barna vinnur að því að bæta hag barna og ungmenna og á að gæta þess að tekið sé tillit til réttinda þeirra, þarfa og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmaður barna er opinber talsmaður allra barna á Íslandi frá aldrinum 0-18 ára.

Hvers vegna er mikilvægt að halda úti ráðgjafarhópi?

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er mikilvægur þáttur í hlutverki umboðsmanns barna að koma sjónarmiðum barna á framfæri og veitir honum tækifæri til að hafa samráð við þá sem koma að málefnum þeirra áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Þátttaka ungmenna í ráðgjafarhópnum byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hljóðar eftirfarandi:

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna - Hvað er það?

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er ráðgefandi aðili fyrir umboðsmann barna um þau málefni sem snúa að börnum og ungmennum í íslensku samfélagi.

Hópurinn getur unnið að ýmsum verkefnum og/eða að málefnum sem hópurinn telur að umboðsmaður barna þyrfti að huga að, sjálfstætt eða í samstarfi við önnur ungmennaráð.

Tilgangur og markmið ráðgjafarhóps umboðsmanns barna

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og fær tækifæri til þess að hafa áhrif á málefni sem skipta þau máli í samfélaginu. Eins er ráðgjafarhópurinn kjörinn vettvangur fyrir ungt fólk til þess að hafa áhrif og koma áleiðis ábendingum um lög og reglur sem snúa að þeim.

Í hópnunum eru unglingar á aldrinum 13 til 18 ára sem eru umboðsmanni barna innan handar með ráðgjöf um málefni barna og ungmenna og réttinda og hagsmunamál þeirra.

Markmið fundanna með ráðgjafarhópnum er að ræða ýmis mál sem varða börn og ungmenni. Einnig eru ræddar hvaða leiðir eru færar hverju sinni, til þess að hafa áhrif á þau málefni sem snúa að þeim og bæta samfélagið fyrir börn á Íslandi. Ráðgjafar skipuleggja sjálfir vinnu sína á milli funda á lokaðri Facebook síðu og skipta á milli sín þeirri vinnu sem fer fram á fundum.

Hlutverk fulltrúa ráðgjafarhóps:

- Vera ráðgefandi fyrir umboðsmanna barna um málefni og gefa álit á málum sem varða réttindi og hagsmuni barna og ungmenna.
- Að vera málsvari barna og ungmenna á Íslandi.
- Vera fulltrúi og málsvari umboðsmanns barna í sínu nærumhverfi og virkja um leið jafnaldra sína og nánasta umhverfi til þátttöku í samfélaginu og stuðla að vitundarvakningu barna og ungmenna um réttindi sín.
- Vera starfsmönnum umboðsmanns barna innan handar í einstökum verkefnum ef tími og aðstæður ráðgjafa leyfa.
- Vinna að verkefnum sem vekja athygli á réttinum og hagsmunum barna.
- Sitja fundi með ráðamönnum og þingnefndum.

Fulltrúar

Áhugasamir geta sótt um inngöngu í ráðið með því að senda póst í gegnum heimasíðu umboðsmanns barna, tölvupóstfangið ub@barn.is eða radgjafarhopur@barn.is, facebooksíðu eða haft samband í síma. Mikilvægt er að það komi fram nafn, aldur, skóli og af hverju viðkomandi vill starfa í ráðgjafarhópi umboðsmanns barna.

Í ráðgjafarhópnum starfa um 12 manns hverju sinni.

Aldur fulltrúa við inngöngu í ráðgjafarhópinn skal liggja á bilinu 13 ára til 17 ára, en leitast verður við að allir áhugasamir um starfsemi ráðgjafarhópsins fái tækifæri til að taka þátt í starfi þess með einhverjum hætti. Ráðgjafarhópurinn getur gert tillögur að nýjum fulltrúum í ráðið og kemur þeim tillögum áleiðis til starfsmanns umboðsmanns barna.

Verkefni ráðgjafarhópsins

Auk þess að funda reglulega með umboðsmanni barna og vera ráðgefandi aðili, hefur hópurinn tekið þátt í ýmsum verkefnum. Fulltrúar úr ráðgjafarhópnum hafa setið í nefndum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Menntamálastofnunnar, haldið erindi á ráðstefnum, skrifað greinar í blöð og fundað með ráðamönnum. Hópurinn hefur líka staðið fyrir kynningu á Barnasáttmálanum í fjölmiðlum og í verslunarmiðstöðvum.

Fundartími

Ráðgjafarhópurinn hittist a.m.k. einu sinni í mánuði á skrifstofu umboðsmanns barna í Kringlunni 1, 5. hæð. Standa fundirnir yfir í u.þ.b. 2 klukkustundir í senn. Strætómiðar eru veittir á skrifstofunni fyrir fulltrúa að komast á fundi. Hægt er að fá leyfi úr tímum í skóla vegna vinnu fulltrúa í ráðgjafarhópnum.

Fundarplan

Á fyrsta fundi ráðgjafarhópsins setur hópurinn upp fundarplan vetrarins þar sem reynt er að koma til móts við alla fulltrúa svo að allir fundir lendi ekki á sömu dögum og tíma vegna skóla. Þannig er hægt að dreifa fundartímum hjá ráðgjafarhópnum ef það hentar eða velja fastan fundardag og tíma.

Fundarstjóri og fundarboð

Fundarboð er sent út í gegnum lokaðan facebookhóp ráðgjafarhópsins og þar vinnur hópurinn áfram að þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni.

Fundarstjóri næsta fundar er valinn í lok hvers fundar sem sér svo um að boða til næsta fundar og svo koll af kolli. Þannig fá allir tækifæri til að kynnast því að vera fundarstjóri og hvað felst í því hlutverki. Senda skal mál til umfjöllunar á fundarstjóra ef svo ber undir. Annars verða

fundirnir þematengdir verkefnum. Eins er hægt að skila málum af sér á staðnum, í umræðum eða undir liðnum „Önnur mál“.

Umboðsmaður barna og starfsfólk skal sömuleiðis senda málefni til umfjöllunar á sama máta og ráðgjafarhópurinn starfar eftir, nema að svo beri undir að málefni komi snögg upp.

Hér má sjá hvernig er gott að halda utan um skipulag funda í tveimur útfærslum:

	Fundaskipulag		
	Hvers vegna er fundurinn boðaður?		
	Hvenær er fundurinn? (dags. og tímas.)		
	Hvar á fundurinn að vera? (nákvæm staðsetn.)		
	Hver sér um að boða fundinn?		
	Hverja á að boða á fundinn?		
	Hver sér um fundarstjórnina á fundinum?		
	Hver sér um að rita fundargerð á fundinum?		

	Hvað á að ræða á fundinum?	Hver ætlar að taka til máls?	Hvað þarf að undirbúa áður?	

Ritari og fundargerð

Hlutverki ritara er skipt á milli meðlima hópsins á hverjum fundi fyrir sig. Þannig fá allir ábyrgðarhlutverk hverju sinni og kynnast hvað felst í því að vera ritari. Ritari sér um að setja fundargerðina inná lokaða facebooksíðu hópsins svo að þeir sem ekki komust á fundinn, geti þá séð hvað var til umræðu og hvaða ákvarðanir ráðgjafarhópurinn tók á fundi.

Starfsmaður umboðsmanns barna / ráðgjafarhópsins sér um að prenta út fundargerðina til skjalageymslu í þar til gerða möppu fyrir ráðgjafarhópin. Þannig er hægt að skoða ákvarðanir aftur í tímann á einum stað.

Hvað á að koma fram í fundargerð?

Dagsetning, hverjir eru mættir, hverjir boðuðu forföll, hvaða mál eru til umfjöllunar og hvaða ákvörðun er tekin varðandi þau. Eins er gott að hafa verkaskipan í fundargerð ef einhver verkefnavinna er í gangi.

					Til að setja mikinn texta í kassann er ýtt á ALT+Enter. Þá fær maður upp næstu línu innan kassans.
		Fundargerð			
		Dagsetning:			
		Fundarstjóri:			
		Fundaritari:			
		Mættir:			
		Forföll:			
	Fundardagskrá:	Hvað var ákveðið?	Hver ætlar að gera það?	Hverju var frestað?	Hvað annað var rætt?
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
	Önnur mál				
8					
9					

Fundarskipulag

Engin formleg mælendaskrá er á fundum nema að málefni kalli á slíka skrá. Heldur verður notast við að rétta upp hönd og biðja um orðið. Fundarstjóri passar að allir fái tækifæri til þess að tjá sig á fundum.

Fundarboð og forföll á fundi

Boðað er til funda með að minnsta kosti viku fyrirvara. Mikilvægt er að boða forföll á fund. Helst þá með 1-2ja daga fyrirvara nema eitthvað brýnt komi uppá. Þannig virðum við tíma annarra og auðveldar það vinnu ráðgjafarhópsins hverju sinni.

Vinnuaðferðir

Mikilvægt er í upphafi að skilgreina tíma og afrakstur hvers verkefnis fyrir sig. Að hafa skýra stefnu og setja lokadagsetningu á verkefnin hverju sinni. Þannig er auðveldara að halda sér við efnið og eins er auðveldara að halda vel utan um verkefnið svo það dagi ekki uppi eða falli neðar á verkefnalistanum.

Engin hugmynd er slæm hugmynd. Er það mjög mikilvægt að fulltrúar innan ráðgjafarhópsins skapi sér þannig vettvang að hægt sé að setja fram allar þær hugmyndir sem þeim dettur í hug.

Fulltrúar leita leiða til þess að koma málefnum ráðgjafarhópsins á framfæri og eiga að vera vel vakandi fyrir skoðunum annarra ungmenna og koma þeim til skila á fundum. Við verðum ætíð að muna að við erum hér til þess að starfa fyrir heildina. Að vera í málsvari fyrir börn og ungmenni á aldrinum 0-18 ára og standa vörð um að þeirra réttindum sé fylgt eftir fremsta megni. Ásamt því að benda á það sem betur má fara, með málefni barna í huga.

Ef verkefnin eru umsvifamikil þá þarf að setja upp aðgerðaáætlun.

***Mikilvægt er að
verkefnin hafi
Upphaf - miðju - endi***

Hér má sjá hvernig gott er að halda utan um verkefnavinnu. Hægt er að nýta sama blað til þess að halda utan um viðburði sem ráðgjafarhópurinn stendur fyrir:

Verkefni/Viðburður:				
Ábyrgð á verkefninu:				
Hvað þarf að gera?	Hver ætlar að gera það?	Hvenær á það að vera búið?	Hvernig gekk?	Hvernig var það unnið?

Fjárráð ráðgjafarhópsins

Fjárráð hópsins fer eftir verkefnum hverju sinni en umboðsmaður barna sér fyrir veitingum á fundum. Eins útvegar hann fundaraðstöðu og strætómiða til þeirra sem þurfa. Umboðsmaður barna veitir ráðgjafarhópnum aðgang að starfsmanni til þess að styðja og efla hópinn.

Greinargerð ráðgjafarhópsins

Ráðgjafarhópurinn skilar af sér greinargerð um störf sín í lok árs sem verður birt í ársskýrslu umboðsmanns barna þar sem farið er yfir störf embættisins á liðnu ári.

Greinargerðin nýtist líka komandi ráðgjafarhóp til þess að marka sín störf og auðveldar þeim hópi að halda áfram með þau verkefni sem unnið var með.

Skilafundur ráðgjafarhópsins í lok starfsárs

Í lok hvers starfsárs skal haldinn skilafundur. Þessi fundur er ákaflega mikilvægur liður í því að taka við verkefnum frá fyrra ári ásamt því að fá góðar upplýsingar um stöðu verkefna og áframhald þeirra. Eins fær eldri ráðgjafarhópurinn tækifæri til þess að fara yfir þá þætti sem mætti fara betur og þannig fer nýi ráðgjafarhópurinn betur af stað í sitt starfsár.

Meðmæli frá umboðsmanni barna

Í lok starfsárs skrifar umboðsmaður barna meðmælabréf fyrir þá fulltrúa sem þess óska. Allir fulltrúar fá viðurkenningarskjal ásamt staðfestingu frá umboðsmanni barna um þeirra störf í ráðgjafarhópnum.

Viltu vera með í ráðgjafarhópnum?

Þeir sem hafa áhuga á að starfa í hópnum er alltaf velkomið að sækja um með því að senda póst á ub@barn.is eða hringja í síma 800-5999. Þar verður að koma fram nafn, aldur, skóli og af hverju þið viljið starfa í ráðgjafarhóp umboðsmanns barna.

Ef þú vilt getur þú prófað að mæta á einn fund og séð svo til hvort þú vilt halda áfram að starfa með hópnum.

Vilt þú hafa áhrif?

Við erum ráðgjafarhópur umboðsmanns barna. Við erum að leita að skemmtilegu ungu fólki á aldrinum 13-17 ára til þess að vinna að mannréttindum barna og ungmenna á Íslandi. Við hittumst einu sinni í mánuði og tölum um mikilvæg mál sem koma okkur og öðru ungu fólki við.

Endilega kíktu við eða hafðu samband.

Við erum á facebook:
[radgjafarhopurumbodsmannsborna](https://www.facebook.com/radgjafarhopurumbodsmannsborna)

Það er líka hægt að senda póst á
ub@barn.is
radgjafarhopur@barn.is

eða hringja í síma
800-5999 (gjaldfrjálst númer)

Sjáumst



„Ég lærði að virða skoðanir annarra og fékk tækifæri á að taka þátt í skemmtilegri og málefnalegri umræðu“ -Unnur

„Ég hef lært um réttindi mín og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“ –Þórdís Helga